

# **SKIPULAGSSKRÁ**

## **fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna**

### **1. gr.**

#### **Heiti, varnarþing og heimili**

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður Bandalags háskólamanna (BHM). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Starfsmenntunarsjóður BHM er sjálfstæður lögðaðili sem ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki rekinn í ágóðaskyni.

### **2. gr.**

#### **Markmið og hlutverk**

Markmið Starfsmenntunarsjóðs BHM er að styrkja sjóðfélaga til sí- og endurmenntunar. Þessu markmiði skal m.a. annars náð með að verja fjármunum sjóðsins til eftirfarandi verkefna:

- Styrkja sjóðfélaga til að stunda nám eða sækja einstök námskeið, hvort sem námið er í framhaldi af fyrri menntun eða er til að styrkja stöðu sjóðfélaga á vinnumarkaði á annan hátt.
- Styrkja sjóðfélaga til að sækja ráðstefnur og kynna sér nýjungar jafnt innanlands sem utan.
- Styrkja sjóðfélaga til rannsóknarverkefna.

### **3. gr.**

#### **Aðild**

Rétt á aðild að sjóðnum eiga allir sem eru í stéttarfélagi innan BHM. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé til sjóðsins iðgjald, nú 0,22% af heildarlaunum. Aðrir geta átt aðild skv. ákvörðun sjóðstjórnar.

### **4.gr.**

#### **Sjóðsstjórn**

Sjóðsstjórn skal skipuð 4 stjórnarmönnum, tveimur fulltrúum frá fjármálaráðherra og tveimur fulltrúum BHM.

Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár samfellt. Sjóðsstjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins. Hún skal móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Hún skal halda a.m.k. einn fund árslega til að kynna stefnu sína og fjárhagsstöðu sjóðsins fyrir fulltrúum þeirra aðildarfélaga BHM sem aðild eiga að sjóðnum. Sjóðsstjórn setur almennar úthlutunarreglur og tekur ákvarðanir í vafatilfellum. Úthlutunarreglur skulu endurskoðaðar að lágmarki árlega og breytingar á þeim kynntar á heimasíðu sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ársreikningur skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

### **5. gr.**


#### **Breytingar á skipulagsskrá og slit sjóðsins**

Skipulagsskrá þessari má breyta með ákvörðun stjórnar sjóðsins. Ákvörðun um að leggja Starfsmenntunarsjóð BHM niður eða sameina hann öðrum aðila skal einnig tekin af stjórn sjóðsins. Í öllum tilfellum skal það samþykkt með atkvæðum allra stjórnarmanna og hljóta samþykkt fjármálaráðuneytis og formannaráðs BHM.

SKIPULAGSSKRÁ  
fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna

6. gr.  
Gildistaka


Skipulagsskrá þessi tekur gildi að fengnu samþykki neðangreindra aðildarfélaga BHM, en þau voru aðilar að kjarasamningi við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 6. júní 2011. Skulu aðilar, BHM og fjármálaráðuneytið, skipa stjórnarmenn innan tveggja vikna frá staðfestingu.




f.h. Dýralæknafelags Íslands

Reykjavík, 11. febrúar 2013


f.h. fjármála- og efnahagsráðherra



f.h. Félags geislafræðinga



f.h. Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins




f.h. Félags háskólakennara

f.h. Félags háskólakennara á Akureyri




f.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna



f.h. Félags íslenskra náttúrfræðinga


f.h. Félags lífeindafræðinga



f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla



f.h. Félags sjúkrabjálfara



f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands




11. febrúar 2013



SKIPULAGSSKRÁ  
fyrir Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna

f.h. Fræðagarðs




f.h. Iðjupjálfafélags Íslands



f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga



f.h. Leikarafélags Íslands



f.h. Ljósmaðrafélags Íslands



f.h. Sálfræðingafélags Íslands




f.h. Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga




f.h. Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði



f.h. Þroskaþálfafélags Íslands







11. febrúar 2013